

# Reglur

101  
24. júní

## um sölu og útflutning á þorskhrognum.

(Tilkynning nr. 4. frá útflutningsnefndinni).

### 1. gr.

Samningurinn milli Bandamanna og íslensku stjórnarinnar áskilur, að bjóða skuli fulltrúa Bandamanna til kaups alla framleiðslu á þorskhrognum, að undanteknu því, sem haft verður til notkunar í landinu sjálfu, jafnóðum og varan er tilbúin til útflutnings.

Öll sala fer fram gegnum landstjórnina, og annast útflutningsnefndin allar framkvæmdir þar að lútandi, samkvæmt auglýsingu stjórnarráðsins, dags. 3. þ. m., og enn fremur reglugjörð stjórnarráðsins dags. 11. s. m., og gilda þar um eftirfarandi reglur og leiðbeiningar.

### 2. gr.

Vörunni verður veitt móttaka í:

Reykjavík og  
Vestmannaeyjum.

### 3. gr.

Hrognin skulu vera metin og vigtuð af þar til skipuðum eiðsvörnum mats- og vigtarmönnum, í fyrsta og annan flokk, hver flokkur pakkaður út af fyrir sig, en seljendur mega einnig láta meta og pakka hvorttveggja saman ef þeir heldur kjósa það, og er það þá einnig sjerstakur verðflokkur.

Öll hrognin skulu vera vel söltuð, stinn og vel hrein þegar þökkum fer fram. Til fyrsta flokks teljast öll hrein hrogn, sem að öðru leyti eru ógölluð og órunnin. Til annars flokks teljast öll önnur óskemmd og órunnin þorskhrogn, þó ekki minni stykki en hálf hrogn (ein skálm).

Um leið og hrognunum er pakkað í tunnur til útflutnings, skal stráð hreinu salti milli hvers lags, þó ekki meira en nauðsyn krefur til þess að vernda hana skemmdum.

### 4. gr.

Hrognin skulu þökkuð í heilar og hreinar tunnur, vel bentar með sviga- eða járngjörðum, og skal að öllu leyti vera svo vel gengið frá tunnunum, að þær þoli flutning til útlanda.

101

24. júní

## 5. gr.

Allar hrognatunnur (gotutunnur) skulu vera merktar báðum botnum þannig: Efst tveir upphafsstafir, að minsta kosti, sem tákna nafn seljanda, þar fyrir neðan einn upphafsstafur er tákni lögheimili seljanda, á miðjum botni skal merkja áframhaldandi raðtölu, og neðst á botninum skal tilgreint hvaða flokki hrognin tilheyrir t. d.:

Fyrir fyrsta flokk . . . . .	R. 1.
Fyrir annan flokk . . . . .	R. 2.
Fyrir samanbl. fyrsta og annars flokks . . . . .	R. M.

## 6. gr.

Fyrir fyrsta flokks þorskhrogn er verðið . . . . .	kr. 60,00 pr 120 kiló netto.
— annars — — — — — . . . . .	— 45,00 — 120 — —
— samanbl. fyrsta og annars flokks . . . . .	— 50,00 — 120 — —

## 7. gr.

Útflutningsnefndin sinnir framboðum frá kaupmönnum, er framleiða eða kaupa hrogn fyrir eigin reikning til heildsölu innanlands eða til útflutnings, enn fremur frá útgerðarmönnum, er hafa talsveiða framleiðslu, svo og frá fjelögum, er útflutningsnefndin viðurkennir. Sökum nauðsynlegra ráðstafana er mælt til, að allir kaupmenn, útgerðarmenn og fjelög, sem hafa þorskhrogn með höndum, komi með framboð sín svo fljótt sem unt er.

## 8. gr.

Frá því að fulltrúi Bandamanna hefir samþykkt kaup á hrognunum, mega líða 30 dagar þangað til borgun fer fram, eða 30 dagar frá því vottorð matsmanna hefur borist fulltrúanum, en verði vörunni skipað út fyrir þann tíma, mun andvirðið verða greitt strax á eftir.

## 9. gr.

Skylt er seljendum að flytja hrognin um borð, greiða toll og önnur gjöld, kaupanda að kostnaðarlausu, en á meðan hrognunum er eigi skipað út, hvílir váttryggingarskylda á seljendum, á ábyrgð landsstjórnar, en kaupandinn endurgreiði váttryggingargjaldið hlutfallslega fyrir þann tíma, sem fram yfir er 30 daga frá því kaup gerðust í hvert skifti. Sömuleiðis er það skylda seljanda, að geyma hrognin í sínum húsum meðan þeim er ekki skipað út, en seljendur fá borgaðan geymslukostnað, hlutfallslega fyrir þann tíma, sem fram yfir er 30 daga frá því kaupin gerðust, og skal það reiknað eftir því sem venja er til, eða eftir samkomulagi. Kröfur um endurgreiðslu á sliðum gjöldum skulu sendar útflutningsnefndinni tafarlaust, þegar varan er komin um borð.

## 10. gr.

101

Fulltrúi Bandamanna hefir fallist á fyrst um sinn að sinna öllum framboðum, sem kunna að koma á þorsklrognum, samkvæmt þessum reglum.

En komi það fyrir seinna meir, að fulltrúi Bandamanna afsali forkaupsrjetti sínum, má útflutningsnefndin flytja vöruna út til viðtakanda í löndum Bandamanna, Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, eða til viðurkendra viðtakenda í viðurkendum hlutlausum löndum að álitum Bandamanna. Um þessar vörur gilda þó sömu reglur og ákvæði, sem þegar eru tekin fram.

24. júní

Reykjavík, 24. júní 1918.

*Thor Jensen,*      *Pjetur. Jónsson,*      *Ó. Benjamínsson.*  
formaður.

## Reglugjörð

102

27. júní

### um viðauka við reglugjörð frá 11. júní 1918 um sölu og útflutning á íslenskum afurðum frá árinu 1918.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, eru hjer með sett eftirfarandi fyrirmæli.

## 1. gr.

Útflutningsnefnd er heimilt að halda eftir alt að 1% af andvirði afurða þeirra, sem hún annast sölu á, til þess að standast kostnað við söluna og við ráðstafanir þar að lútandi.

## 2. gr.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 27. júní 1918.

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*